



# Fjöldi gesta í Vatnajökulsþjóðgarði

Gyða Þórhallsdóttir  
Rögnvaldur Ólafsson







## Fjöldi gesta í Vatnajökulsþjóðgarði

Gyða Þórhallsdóttir

Rögnvaldur Ólafsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Október 2015

© Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson

Útgefandi: Vatnajökulspjóðgarður, Klapparstíg 25-27, IS-101 Reykjavík

Forsíðumynd: Svartifoss í Skaftafelli: Ljósmynd: Rögnvaldur Ólafsson

Prentun: Oddi

ISBN: 978-9979-72-913-6

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	1
1.1	Talningar í Vatnajökulsþjóðgarði .....	3
2	Mat á umferð og fjölda ferðamanna .....	7
2.1	Uppsetning bifreiðateljara .....	7
2.2	Kvörðun bifreiðateljara .....	8
2.3	Meðalfjöldi í bifreið .....	9
2.3.1	Ferðatímabil .....	12
2.4	Meðhöndlun gagnasafnsins .....	17
3	Suðursvæði .....	19
3.1	Skaftafell .....	19
3.2	Svartifoss – fólksteljari .....	23
3.3	Jökulstígur að Skaftafellsjökli – fólksteljari .....	26
3.4	Samanburður bifreiðateljara við fólksteljara í Skaftafelli .....	29
3.5	Svínafellsjökull .....	32
3.6	Fjallsárlón .....	36
3.7	Jökulsárlón .....	40
3.8	Samanburður á bifreiðateljurum við Fjallsárlón og Jökulsárlón .....	44
3.9	Heinaberg .....	45
3.10	Hoffell .....	49
3.11	Lónsöræfi – fólksteljari .....	53
4	Vestursvæði .....	57
4.1	Eldgjá - bifreiðateljari .....	57
4.2	Eldgjá – fólksteljari .....	61
4.3	Samanburður milli bifreiðateljara og fólksteljara í Eldgjá .....	64
4.4	Langisjór .....	65
4.5	Laki .....	69
4.6	Fyrri talningar við Laka .....	73
4.7	Tjarnargígur – fólksteljari .....	74
4.8	Samanburður milli teljara við Laka og Tjarnargíg .....	77
4.9	Gjósta .....	78
4.10	Kolufell .....	79
4.11	Leiðir að Vonarskarði .....	80
4.12	Kirkjubæjarklaustur .....	81
4.13	Skaftárstofa – fólksteljari .....	85
4.14	Samanburður milli Kirkjubæjarklausturs og Skaftárstofu .....	88
5	Norðursvæði .....	89
5.1	Ásbyrgi .....	91
5.2	Vesturdalur .....	95
5.3	Samanburður á bifreiðateljurum í Ásbyrgi og Vesturdal .....	99
5.4	Dettifoss að austan .....	100
5.5	Dettifoss að vestan .....	104
5.6	Samanburður milli bifreiðateljara við Dettifoss að vestan og austan .....	108

5.7	Yfirlit með leiðréttum talningum .....	109
6	Austursvæði.....	115
6.1	Snæfell – bifreiðateljari .....	115
6.2	Snæfell – fólksteljari .....	120
6.3	Samanburður á bifreiðateljara og fólksteljara við Snæfell.....	123
7	Norðurhálandi .....	125
7.1	Askja.....	127
7.2	Kverkfjöll .....	131
7.3	Hveragil .....	137
7.4	Þríhyrningsvatn (F910).....	143
7.5	Arnardalur (F910).....	147
7.6	Jökulsá.....	151
7.7	Dyngjufjallaleið .....	157
7.8	Möðrudalur .....	163
7.9	Hvannalindir.....	167
7.10	Grafarlönd.....	173
7.11	Herðubreiðarlindir .....	179
7.12	Dyngjufjalladalur.....	185
7.13	Gæsavatnaleið .....	190
8	Lokaorð.....	195
9	Heimildir .....	197
	Viðauki - Leiðbeiningar vegna talninga á bifreiðum og fólki .....	199
	Uppsetning og aflestur teljara.....	200
	Gögn vistuð úr dokk .....	201
	Kvörðun teljara/Handtalning.....	202
	Fjöldi í rútu og einkabíl.....	203
	Skipt um rafhlöður í teljara .....	204
	Skipt um rafhlöður í aflestardokk.....	205
	Gögn hreinsuð úr dokk.....	206
	Teljari tekinn niður að hausti .....	207

## Myndaskrá

1. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árin 2005 til 2014 (Ferðamálastofa, 2015a).....	1
2. mynd. Fjöldi ferðamanna á mánuði í gegnum Leifsstöð árin 2005 til 2015 (Ferðamálastofa, 2015a).....	2
3. mynd. Bifreiðateljarar á Íslandi sem stýrt er af Rögnvaldi Ólafssyni. ....	4
4. mynd. Teljari.....	7
5. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.....	7
6. mynd. Skaftafell: Dæmi um kvörðun teljara við heimreiðina. ....	8
7. mynd. Samanburður við teljara Vegagerðarinnar.....	9
8. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum. ....	10
9. mynd. Skilgreind ferðatímabil. ....	13
10. mynd. Ferðatímabil í Skaftafelli, við Jökulsárlón, Hoffell, Heinaberg, Hraunfossa og Djúpalónssand borið saman við meðaltal. ....	14
11. mynd. Skaftafell. Bifreiðar á mánuði.....	19
12. mynd. Skaftafell: Bifreiðar á tímabili.....	19
13. mynd. Skaftafell: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	20
14. mynd. Skaftafell: Bifreiðar á dag á háönn. ....	20
15. mynd. Skaftafell: Gestir á mánuði. ....	21
16. mynd. Skaftafell: Gestir á tímabili. ....	22
17. mynd. Skaftafell: Gestir á klst. á háönn.....	22
18. mynd. Skaftafell: Gestir á dag á háönn. ....	22
19. mynd. Svartifoss: Gestir á mánuði. ....	24
20. mynd. Svartifoss: Gestir á tímabili.....	25
21. mynd. Svartifoss: Gestir á klst. á háönn. ....	25
22. mynd. Svartifoss: Gestir á dag á háönn.....	25
23. mynd. Jökulstígur: Gestir á mánuði.....	27
24. mynd. Jökulstígur: Gestir á tímabili.....	28
25. mynd. Jökulstígur: Gestir á klst. á háönn. ....	28
26. mynd. Jökulstígur: Gestir á dag á háönn. ....	28
27. mynd. Svínafellsjökull: Bifreiðar á mánuði.....	32
28. mynd. Svínafellsjökull: Bifreiðar á tímabili.....	32
29. mynd. Svínafellsjökull: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	33
30. mynd. Svínafellsjökull: Bifreiðar á dag á háönn. ....	33
31. mynd. Svínafellsjökull: Gestir á mánuði. ....	34
32. mynd. Svínafellsjökull: Gestir á tímabili. ....	34
33. mynd. Svínafellsjökull: Gestir á klst. á háönn.....	35
34. mynd. Svínafellsjökull: Gestir á dag á háönn. ....	35
35. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á mánuði. ....	36
36. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á tímabili. ....	36
37. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á klst. á háönn.....	37
38. mynd. Fjallsárlón: Bifreiðar á dag á háönn.....	37
39. mynd. Fjallsárlón: Gestir á mánuði.....	38
40. mynd. Fjallsárlón: Gestir á tímabili.....	38
41. mynd. Fjallsárlón: Gestir á klst. á háönn. ....	39

42. mynd. Fjallsárlón: Gestir á dag á háönn.....	39
43. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á mánuði.....	40
44. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á tímabili.....	40
45. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	41
46. mynd. Jökulsárlón: Bifreiðar á dag á háönn.....	41
47. mynd. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.....	42
48. mynd. Jökulsárlón: Gestir á tímabili.....	43
49. mynd. Jökulsárlón: Gestir á klst. á háönn. ....	43
50. mynd. Jökulsárlón: Gestir á dag á háönn. ....	43
51. mynd. Heinaberg: Bifreiðar á mánuði.....	45
52. mynd. Heinaberg: Bifreiðar á tímabili.....	45
53. mynd. Heinaberg: Bifreiðar á klst. á háönn.....	46
54. mynd. Heinaberg: Bifreiðar á dag á háönn. ....	46
55. mynd. Heinaberg: Gestir á mánuði. ....	47
56. mynd. Heinaberg: Gestir á tímabili. ....	48
57. mynd. Heinaberg: Gestir á klst. á háönn.....	48
58. mynd. Heinaberg: Gestir á dag á háönn.....	48
59. mynd. Hoffell: Bifreiðar á mánuði.....	49
60. mynd. Hoffell: Bifreiðar á tímabili.....	49
61. mynd. Hoffell: Bifreiðar á klst. á háönn.....	50
62. mynd. Hoffell: Bifreiðar á dag á háönn. ....	50
63. mynd. Hoffell: Gestir á mánuði. ....	51
64. mynd. Hoffell: Gestir á tímabili. ....	52
65. mynd. Hoffell: Gestir á klst. á háönn.....	52
66. mynd. Hoffell: Gestir á dag á háönn.....	52
67. mynd. Lónsöræfi: Gestir á mánuði.....	53
68. mynd. Lónsöræfi: Gestir á tímabili.....	54
69. tafla. Lónsöræfi: Gestir á viku. ....	54
70. tafla. Lónsöræfi: Gestir á dag. ....	55
71. mynd. Lónsöræfi: Gestir á klst. á háönn.....	55
72. mynd. Lónsöræfi: Gestir á dag á háönn. ....	55
73. mynd. Eldgjá: Bifreiðar á mánuði.....	57
74. mynd. Eldgjá: Bifreiðar á tímabili.....	57
75. mynd. Eldgjá: Bifreiðar á klst. á háönn.....	58
76. mynd. Eldgjá: Bifreiðar á dag á háönn. ....	58
77. mynd. Eldgjá: Gestir á mánuði. ....	59
78. mynd. Eldgjá: Gestir á tímabili.....	60
79. mynd. Eldgjá: Gestir á klst. á háönn.....	60
80. mynd. Eldgjá: Gestir á dag á háönn.....	60
81. mynd. Eldgjá fólkstjari: Gestir á mánuði. ....	62
82. mynd. Eldgjá fólkstjari: Gestir á tímabili.....	62
83. mynd. Eldgjá fólkstjari: Gestir á klst. á háönn.....	63
84. mynd. Eldgjá fólkstjari: Gestir á dag á háönn.....	63
85. mynd. Langisjór: Bifreiðar á mánuði.....	65
86. mynd. Langisjór: Bifreiðar á tímabili.....	65
87. mynd. Langisjór: Bifreiðar á klst. á háönn.....	66
88. mynd. Langisjór: Bifreiðar á dag á háönn.....	66



89. mynd. Langisjór: Gestir á mánuði.....	67
90. mynd. Langisjór: Gestir á tímabili.....	68
91. mynd. Langisjór: Gestir á klst. á háönn. ....	68
92. mynd. Langisjór: Gestir á dag á háönn. ....	68
93. mynd. Laki: Bifreiðar á mánuði. ....	69
94. mynd. Laki: Bifreiðar á tímabili.....	69
95. mynd. Laki: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	70
96. mynd. Laki: Bifreiðar á dag á háönn. ....	70
97. mynd. Laki: Gestir á mánuði.....	71
98. mynd. Laki: Gestir á tímabili.....	72
99. mynd. Laki: Gestir á klst. á háönn. ....	72
100. mynd. Laki: Gestir á dag á háönn. ....	72
101. mynd. Tjarnargígur: Gestir á mánuði. ....	75
102. mynd. Tjarnargígur: Gestir á tímabili. ....	75
103. mynd. Tjarnargígur: Gestir á klst. á háönn. ....	76
104. mynd. Tjarnargígur: Gestir á dag á háönn.....	76
105. mynd. Gjósta: Bifreiðar á viku. ....	78
106. mynd. Gjósta: Bifreiðar á dag.....	78
107. mynd. Kolufell: Bifreiðar á viku. ....	79
108. mynd. Kolufell: Bifreiðar á dag.....	79
109. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Bifreiðar á mánuði.....	81
110. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Bifreiðará tímabili.....	81
111. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	82
112. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Bifreiðar á dag á háönn. ....	82
113. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Gestir á mánuði. ....	83
114. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Gestir á tímabili. ....	84
115. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Gestir á klst. á háönn.....	84
116. mynd. Kirkjubæjarklaustur: Gestir á dag á háönn.....	84
117. mynd. Skaftárstofa: Gestir á mánuði. ....	86
118. mynd. Skaftárstofa: Gestir á tímabili.....	86
119. mynd. Skaftárstofa: Gestir á klst. á háönn. ....	87
120. mynd. Skaftárstofa: Gestir á dag á háönn.....	87
121. mynd. Yfirlitskort af talningarsvæði í Jökulsárgljúfrum. ....	89
122. mynd. Ásbyrgi: Bifreiðar á mánuði.....	91
123. mynd. Ásbyrgi: Bifreiðar á tímabili.....	91
124. mynd. Ásbyrgi: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	92
125. mynd. Ásbyrgi: Bifreiðar á dag á háönn. ....	92
126. mynd. Ásbyrgi: Gestir á mánuði.....	93
127. mynd. Ásbyrgi: Gestir á tímabili. ....	94
128. mynd. Ásbyrgi: Gestir á klst. á háönn.....	94
129. mynd. Ásbyrgi: Gestir á dag á háönn. ....	94
130. mynd. Vesturdalur: Bifreiðar á mánuði.....	95
131. mynd. Vesturdalur: Bifreiðar á tímabili.....	95
132. mynd. Vesturdalur: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	96
133. mynd. Vesturdalur: Bifreiðar á dag á háönn. ....	96
134. mynd. Vesturdalur: Gestir á mánuði.....	97
135. mynd. Vesturdalur: Gestir á tímabili.....	98

136. mynd. Vesturdalur: Gestir á klst. á háönn.....	98
137. mynd. Vesturdalur: Gestir á dag á háönn. ....	98
138. mynd. Dettifoss að austan: Bifreiðar á mánuði. ....	100
139. mynd. Dettifoss að austan: Bifreiðar á tímabili.....	100
140. mynd. Dettifoss að austan: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	101
141. mynd. Dettifoss að austan: Bifreiðar á dag á háönn. ....	101
142. mynd. Dettifoss að austan: Gestir á mánuði.....	102
143. mynd. Dettifoss að austan: Gestir á tímabili. ....	103
144. mynd. Dettifoss að austan: Gestir á klst. á háönn. ....	103
145. mynd. Dettifoss að austan: Gestir á dag á háönn. ....	103
146. mynd Dettifoss að vestan: Bifreiðar á mánuði. ....	104
147. mynd Dettifoss að vestan: Bifreiðar á tímabili. ....	104
148. mynd Dettifoss að vestan: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	105
149. mynd Dettifoss að vestan: Bifreiðar á dag á háönn. ....	105
150. mynd Dettifoss að vestan: Gestir á mánuði. ....	106
151. mynd Dettifoss að vestan: Gestir á tímabili. ....	107
152. mynd Dettifoss að vestan: Gestir á klst. á háönn.....	107
153. mynd Dettifoss að vestan: Gestir á dag á háönn. ....	107
154. mynd. Komur í Jökulsárgljúfur frá lokum maí til loka september 2010 til 2011. ....	111
155. mynd. Fjöldi bifreiða á 7 daga tímabili, síaðar talningar.....	112
156. mynd. Talningar normaðar, miðað við 1 á háönn. Línur sýna skilgreiningu á háönn. ....	113
157. mynd. Snæfell: Bifreiðar á mánuði.....	115
158. mynd. Snæfell: Bifreiðar á tímabili. ....	115
159. mynd. Snæfell: Bifreiðar á viku. ....	116
160. mynd. Snæfell: Bifreiðar á dag. ....	116
161. mynd. Snæfell: Gestir á mánuði. ....	117
162. mynd. Snæfell: Gestir á tímabili. ....	118
163. mynd. Snæfell: Gestir á viku.....	118
164. mynd. Snæfell: Gestir á dag. ....	119
165. mynd. Snæfell – fólksteljari: Gestir á mánuði. ....	120
166. mynd. Snæfell – fólksteljari: Gestir á tímabili. ....	121
167. mynd. Snæfell – fólksteljari: Gestir á viku.....	121
168. mynd. Snæfell – fólksteljari: Gestir á dag.....	122
169. mynd. Yfirlitskort af talningarsvæði á norðanverðu hálendinu. ....	125
170. mynd. Askja: Bifreiðar á mánuði. ....	127
171. mynd. Askja: Bifreiðar á tímabili. ....	127
172. mynd. Askja: Bifreiðar á klst. á háönn.....	128
173. mynd. Askja: Bifreiðar á dag á háönn.....	128
174. mynd. Askja: Gestir á mánuði. ....	129
175. mynd. Askja: Gestir á tímabili.....	130
176. mynd. Askja: Gestir á klst. á háönn. ....	130
177. mynd. Askja: Gestir á dag á háönn.....	130
178. mynd. Kverkfjöll: Bifreiðar á mánuði. ....	131
179. mynd. Kverkfjöll: Bifreiðar á tímabili.....	131
180. mynd. Kverkfjöll: Bifreiðar á viku. ....	132

181. mynd. Kverkfjöll: Bifreiðar á dag. ....	132
182. mynd. Kverkfjöll: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	133
183. mynd. Kverkfjöll: Bifreiðar á dag á háönn. ....	133
184. mynd. Kverkfjöll: Gestir á mánuði. ....	134
185. mynd. Kverkfjöll: Gestir á tímabili. ....	134
186. mynd. Kverkfjöll: Gestir á viku. ....	135
187. mynd. Kverkfjöll: Gestir á dag. ....	135
188. mynd. Kverkfjöll: Gestir á klst. á háönn. ....	136
189. mynd. Kverkfjöll: Gestir á dag á háönn. ....	136
190. mynd. Hveragil: Bifreiðar á mánuði. ....	137
191. mynd. Hveragil: Bifreiðar á tímabili. ....	137
192. mynd. Hveragil: Bifreiðar á viku. ....	138
193. mynd. Hveragil: Bifreiðar á dag. ....	138
194. mynd. Hveragil: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	139
195. mynd. Hveragil: Bifreiðar á dag á háönn. ....	139
196. mynd. Hveragil: Gestir á mánuði. ....	140
197. mynd. Hveragil: Gestir á tímabili. ....	140
198. mynd. Hveragil: Gestir á viku. ....	141
199. mynd. Hveragil: Gestir á dag. ....	141
200. mynd. Hveragil: Gestir á klst. á háönn. ....	142
201. mynd. Hveragil: Gestir á dag á háönn. ....	142
202. mynd. Þríhryningsvatn: Bifreiðar á mánuði. ....	143
203. mynd. Þríhryningsvatn: Bifreiðar á tímabili. ....	143
204. mynd. Þríhryningsvatn: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	144
205. mynd. Þríhryningsvatn: Bifreiðar á dag á háönn. ....	144
206. mynd. Þríhryningsvatn: Gestir á mánuði. ....	145
207. mynd. Þríhryningsvatn: Gestir á tímabili. ....	145
208. mynd. Þríhryningsvatn: Gestir á klst. á háönn. ....	146
209. mynd. Þríhryningsvatn: Gestir á dag á háönn. ....	146
210. mynd. Arnardalur: Bifreiðar á mánuði. ....	147
211. mynd. Arnardalur: Bifreiðar á tímabili. ....	147
212. mynd. Arnardalur: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	148
213. mynd. Arnardalur: Bifreiðar á dag á háönn. ....	148
214. mynd. Arnardalur: Gestir á mánuði. ....	149
215. mynd. Arnardalur: Gestir á tímabili. ....	149
216. mynd. Arnardalur: Gestir á klst. á háönn. ....	150
217. mynd. Arnardalur: Gestir á dag á háönn. ....	150
218. mynd. Jökulsá: Bifreiðar á mánuði. ....	151
219. mynd. Jökulsá: Bifreiðar á tímabili. ....	151
220. mynd. Jökulsá: Bifreiðar á viku. ....	152
221. mynd. Jökulsá: Bifreiðar á dag. ....	152
222. mynd. Jökulsá: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	153
223. mynd. Jökulsá: Bifreiðar á dag á háönn. ....	153
224. mynd. Jökulsá: Gestir á mánuði. ....	154
225. mynd. Jökulsá: Gestir á tímabili. ....	155
226. mynd. Jökulsá: Gestir á viku. ....	155
227. mynd. Jökulsá: Gestir á dag. ....	156

228. mynd. Jökulsá: Gestir á klst. á háönn. ....	156
229. mynd. Jökulsá: Gestir á dag á háönn. ....	156
230. mynd. Dyngjufjallaleið: Bifreiðar á mánuði. ....	157
231. mynd. Dyngjufjallaleið: Bifreiðar á tímabili. ....	157
232. mynd. Dyngjufjallaleið: Bifreiðar á viku. ....	158
233. mynd. Dyngjufjallaleið: Bifreiðar á dag. ....	158
234. mynd. Dyngjufjallaleið: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	159
235. mynd. Dyngjufjallaleið: Bifreiðar á dag á háönn. ....	159
236. mynd. Dyngjufjallaleið: Gestir á mánuði. ....	160
237. mynd. Dyngjufjallaleið: Gestir á tímabili. ....	160
238. mynd. Dyngjufjallaleið: Gestir á viku. ....	161
239. mynd. Dyngjufjallaleið: Gestir á dag. ....	161
240. mynd. Dyngjufjallaleið: Gestir á klst. á háönn. ....	162
241. mynd. Dyngjufjallaleið: Gestir á dag á háönn. ....	162
242. mynd. Möðrudalur: Bifreiðar á mánuði. ....	163
243. mynd. Möðrudalur: Bifreiðar á tímabili. ....	163
244. mynd. Möðrudalur: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	164
245. mynd. Möðrudalur: Bifreiðar á dag á háönn. ....	164
246. mynd. Möðrudalur: Gestir á mánuði. ....	165
247. mynd. Möðrudalur: Gestir á tímabili. ....	165
248. mynd. Möðrudalur: Gestir á klst. á háönn. ....	166
249. mynd. Möðrudalur: Gestir á dag á háönn. ....	166
250. mynd. Hvannalindir: Bifreiðar á mánuði. ....	167
251. mynd. Hvannalindir: Bifreiðar á tímabili. ....	167
252. mynd. Hvannalindir: Bifreiðar á viku. ....	168
253. mynd. Hvannalindir: Bifreiðar á dag. ....	168
254. mynd. Hvannalindir: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	169
255. mynd. Hvannalindir: Bifreiðar á dag á háönn. ....	169
256. mynd. Hvannalindir: Gestir á mánuði. ....	170
257. mynd. Hvannalindir: Gestir á tímabili. ....	170
258. mynd. Hvannalindir: Gestir á viku. ....	171
259. mynd. Hvannalindir: Gestir á dag. ....	171
260. mynd. Hvannalindir: Gestir á klst. á háönn. ....	172
261. mynd. Hvannalindir: Gestir á dag á háönn. ....	172
262. mynd. Grafarlönd: Bifreiðar á mánuði. ....	173
263. mynd. Grafarlönd: Bifreiðar á tímabili. ....	173
264. mynd. Grafarlönd: Bifreiðar á viku. ....	174
265. mynd. Grafarlönd: Bifreiðar á dag. ....	174
266. mynd. Grafarlönd: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	175
267. mynd. Grafarlönd: Bifreiðar á dag á háönn. ....	175
268. mynd. Grafarlönd: Gestir á mánuði. ....	176
269. mynd. Grafarlönd: Gestir á tímabili. ....	176
270. mynd. Grafarlönd: Gestir á viku. ....	177
271. mynd. Grafarlönd: Gestir á dag. ....	177
272. mynd. Grafarlönd: Gestir á klst. á háönn. ....	178
273. mynd. Grafarlönd: Gestir á dag á háönn. ....	178
274. mynd. Herðubreiðarlindir: Bifreiðar á mánuði. ....	179

275. mynd. Herðubreiðarlindir: Bifreiðar á tímabili.....	179
276. mynd. Herðubreiðarlindir: Bifreiðar á viku. ....	180
277. mynd. Herðubreiðarlindir: Bifreiðar á dag. ....	180
278. mynd. Herðubreiðarlindir: Bifreiðar á klst. á háönn. ....	181
279. mynd. Herðubreiðarlindir: Bifreiðar á dag á háönn. ....	181
280. mynd. Herðubreiðarlindir: Gestir á mánuði. ....	182
281. mynd. Herðubreiðarlindir: Gestir á tímabili. ....	183
282. mynd. Herðubreiðarlindir: Gestir á viku. ....	183
283. mynd. Herðubreiðarlindir: Gestir á dag. ....	184
284. mynd. Herðubreiðarlindir: Gestir á klst. á háönn. ....	184
285. mynd. Herðubreiðarlindir: Gestir á dag á háönn. ....	184
286. mynd. Dyngjufjalladalur: Bifreiðar á mánuði. ....	185
287. mynd. Dyngjufjalladalur: Bifreiðar á tímabili. ....	185
288. mynd. Dyngjufjalladalur: Bifreiðar á viku. ....	186
289. mynd. Dyngjufjalladalur: Bifreiðar á dag. ....	186
290. mynd. Dyngjufjalladalur: Gestir á mánuði. ....	187
291. mynd. Dyngjufjalladalur: Gestir á tímabili. ....	188
292. mynd. Dyngjufjalladalur: Gestir á viku. ....	188
293. mynd. Dyngjufjalladalur: Gestir á dag. ....	189
294. mynd. Gæsavatnaleið: Bifreiðar á mánuði. ....	190
295. mynd. Gæsavatnaleið: Bifreiðar á viku. ....	190
296. mynd. Gæsavatnaleið: Bifreiðar á dag. ....	191
297. mynd. Gæsavatnaleið: Gestir á mánuði. ....	192
298. mynd. Gæsavatnaleið: Gestir á viku. ....	192
299. mynd. Gæsavatnaleið: Gestir á dag. ....	193



## Töfluskrá

1. tafla. Teljarar á vegum Vatnajökulspjóðgarðs.....	3
2. tafla. Skaftafell: Hlutfall einkabíla og rúta.....	9
3. tafla. Meðalfjöldi fólks í bifreiðum samkvæmt umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtölu í Skaftafelli.....	10
4. tafla. Hlutfallslegur munur frá talningum Vegagerðarinnar og gildinu 2,6.....	11
5. tafla. Skaftafell: Meðalfjöldi í bifreið.....	11
6. tafla. Skýring á ferðatímabilum sem rannsóknin miðar við.....	12
7. tafla. Samanburður á sameinuðum ferðatímabilum og ferðatímabilum.....	13
8. tafla. Vigtarstuðlar fyrir útreikninga á meðalfjölda í bifreið.....	15
9. tafla. Fjöldi rúta af heildarfjölda bifreiða á gagnasöfnunartíma.....	16
10. tafla. Einkabílar á gagnasöfnunartíma.....	16
11. tafla. Hlutfall rúta af heildarfjölda bifreiða á gagnasöfnunartíma.....	16
12. tafla. Meðalfjöldi í bifreið.....	17
13. tafla. Hlutfallslegur munur á meðalfjölda í bifreið frá meðalfjölda tímabila og staða.....	17
14. tafla. Skaftafell: Gestir á mánuði.....	20
15. tafla. Skaftafell: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	21
16. tafla. Skaftafell: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	21
17. tafla. Svartifoss: Gestir á mánuði.....	23
18. tafla. Svartifoss: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	23
19. tafla. Svartifoss: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	24
20. tafla. Jökulstígur: Gestir á mánuði.....	26
21. tafla. Jökulstígur: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	26
22. tafla. Jökulstígur: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	27
23. tafla. Samanburður bifreiðateljara í Skaftafelli við fólksteljara.....	29
24. tafla. Svínafellsjökull: Gestir á mánuði.....	33
25. tafla. Fjallsárlón: Gestir á mánuði.....	37
26. tafla. Jökulsárlón: Gestir á mánuði.....	41
27. tafla. Jökulsárlón: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	42
28. tafla. Jökulsárlón: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	42
29. tafla. Samanburður á gestakomum að Fjallsárlóni og Jökulsárlóni.....	44
30. tafla. Heinaberg: Gestir á mánuði.....	46
31. tafla. Heinaberg: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	47
32. tafla. Heinaberg: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	47
33. tafla. Hoffell: Gestir á mánuði.....	50
34. tafla. Hoffell: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	51
35. tafla. Hoffell: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	51
36. tafla. Lónsöræfi: Gestir á mánuði.....	53
37. tafla. Eldgjá: Gestir á mánuði.....	58
38. tafla. Eldgjá: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	59
39. tafla. Eldgjá: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	59
40. tafla. Eldgjá fólksteljari: Gestir á mánuði.....	61
41. tafla. Eldgjá fólksteljari: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	61
42. tafla. Eldgjá fólksteljari: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta.....	61
43. tafla. Samanburður bifreiðateljara og fólksteljara í Eldgjá.....	64

44. tafla. Langisjór: Gestir á mánuði. ....	66
45. tafla. Langisjór: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	67
46. tafla. Langisjór: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	67
47. tafla. Laki: Gestir á mánuði. ....	70
48. tafla. Laki: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	71
49. tafla. Laki: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	71
50. tafla. Niðurstöður talninga við Laka sumarið 2007. ....	73
51. tafla. Tjarnargígur: Gestir á mánuði. ....	74
52. tafla. Tjarnargígur: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	74
53. tafla. Tjarnargígur: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	74
54. tafla. Samanburður milli Laka og Tjarnargígs. ....	77
55. tafla. Kirkjubæjarklaustur: Gestir á mánuði. ....	82
56. tafla. Kirkjubæjarklaustur: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	83
57. tafla. Kirkjubæjarklaustur: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	83
58. tafla. Skaftárstofa: Gestir á mánuði. ....	85
59. tafla. Skaftárstofa: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	85
60. tafla. Skaftárstofa: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	85
61. tafla. Samanburður bifreiðateljara á heimreið að Kirkjubæjarklaustri við fólksteljara í Skaftárstofu. ....	88
62. tafla. Meðalfjöldi bifreiða á dag á háönn (M) og heildarfjöldi bifreiða á háönn og hausti (H) í Jökulsárgljúfrum. ....	90
63. tafla. Ásbyrgi: Gestir á mánuði. ....	92
64. tafla. Ásbyrgi: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	93
65. tafla. Ásbyrgi: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	93
66. tafla. Vesturdalur: Gestir á mánuði. ....	96
67. tafla. Vesturdalur: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	97
68. tafla. Vesturdalur: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	97
69. tafla. Samanburður milli gestafjölda í Ásbyrgi og Vesturdal. ....	99
70. tafla. Dettifoss að austan: Gestir á mánuði. ....	101
71. tafla. Dettifoss að austan: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	102
72. tafla. Dettifoss að austan: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	102
73. tafla. Dettifoss að vestan: Gestir á mánuði. ....	105
74. tafla. Dettifoss að vestan: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	106
75. tafla. Dettifoss að vestan: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	106
76. tafla. Samanburður bifreiðateljara við Dettifoss að austan (DFA) og Dettifoss að vestan (DFV). ....	108
77. tafla. Nálgun tímabil í Jökulsárgljúfrum 2010 til 2011. ....	110
78. tafla. Snæfell: Gestir á mánuði. ....	117
79. tafla. Snæfell – fólksteljari: Gestir á mánuði. ....	120
80. tafla. Samanburður á bifreiðateljara og fólksteljara við Snæfell. ....	123
81. tafla. Meðalfjöldi bifreiða á dag á háönn og heildarfjöldi bifreiða á háönn og hasti á norðanverðu hálendinu. ....	126
82. tafla. Askja: Gestir á mánuði. ....	128
83. tafla. Askja: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	129



84. tafla. Askja: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	129
85. tafla. Kverkfjöll: Gestir á mánuði. ....	133
86. tafla. Hveragil. Gestir á dag. ....	139
87. tafla. Þríhyrningsvatn: Gestir á mánuði. ....	144
88. tafla. Arnardalur: Gestir á mánuði. ....	148
89. tafla. Jökulsá: Gestir á mánuði. ....	153
90. tafla. Jökulsá: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	154
91. tafla. Jökulsá: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	154
92. tafla. Dyngjufjallaleið: Gestir á mánuði. ....	159
93. tafla. Möðrudalur: Gestir á mánuði. ....	164
94. tafla. Hvannalindir: Gestir á mánuði. ....	169
95. tafla. Grafarlönd: Gestir á mánuði. ....	175
96. tafla. Herðubreiðarlindir: Gestir á mánuði. ....	181
97. tafla. Herðubreiðarlindir: Breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	182
98. tafla. Herðubreiðarlindir: Hlutfallsleg breyting milli mánaða og ára í komu gesta. ....	182
99. tafla. Dyngjufjalladalur: Gestir á mánuði. ....	187
100. tafla. Gæsavatnaleið: Gestir á mánuði. ....	191




# 1 Inngangur

Ferðamennska á Íslandi hefur aukist jafnt og þétt, árið 1950 komu rúmlega fjögur þúsund gestir til Íslands og 20 árum síðar voru þeir orðnir um 53 þúsund (Ferðamálastofa, 2015b). Síðastliðinn áratug hefur erlendum ferðamönnum sem koma til Íslands fjölgað verulega. Árið 2005 komu tæplega 400 þúsund ferðamenn, en árið 2014 voru þeir orðnir um milljón (1. mynd) (Ferðamálastofa, 2015a). Rannsóknir hafa sýnt að náttúra Íslands er helsta ástæða þess að erlendir ferðamenn koma til Íslands (Ferðamálastofa, 2013).



1. mynd. Fjöldi erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árin 2005 til 2014 (Ferðamálastofa, 2015a).

Dreifing erlendra ferðamanna til Íslands eftir mánuðum er þekkt (2. mynd) (Ferðamálastofa, 2015a) og út frá gistináttatölum Hagstofunnar má sjá hvernig þeir dreifast eftir landshlutum (Hagstofa Íslands, 2014). Minna er þó vitað um hversu margir ferðamenn koma á hvern áfangastað í kringum landið vegna þess að talningar vantar víða.



2. mynd. Fjöldi ferðamanna á mánuði í gegnum Leifstöð árin 2005 til 2015 (Ferðamálastofa, 2015a).

Við skipulag ferðamannastaða er erfitt að byggja á öðru en áreiðanlegum gögnum og megin forsenda er að vita hversu margir ferðamenn koma á staðinn (De Cantis, Parroco, Ferrante og Vaccina, 2015; Smale, 2011). Þetta er nauðsynlegt vegna skipulags og uppbyggingu á innviðum og samgöngumannvirkjum, vegna verndunar og til að upplifun ferðamanna verði sem best (Cessford og Burns, 2008a; De Cantis o.fl., 2015). Vanda þarf til verka við talningarnar til að áreiðanlegar upplýsingar fáiast sem stjórnendur staðanna geta treyst á að gefi raunsanna mynd (Cessford og Burns, 2008a; De Cantis o.fl., 2015). Vandasamt og kostnaðarsamt getur verið að safna slíkum gögnum. Það hefur því oft setið á hakanum, þrátt fyrir að vitað sé að þekking á fjölda á áfangastað sé mikilvæg til að ákvarða um áhrif og ánægju gesta. Áfangastaðir ferðamanna eru oft afskekktir en einnig vantar oft starfsfólk til að telja ferðamenn. Því hefur oft verið gripið til þess ráðs að áætla fjölda fólks eftir tilfinningu stjórnenda og starfsfólks (Cessford og Burns, 2008a, 2008b; Cessford og Muhar, 2003; Melville og Ruohonen, 2004; Muhar, Arnberger og Brandenburg, 2002; Watson, Cole, Turner og Reynolds, 2000). Síðastliðin ár hefur þó krafa um áreiðanleg gögn um fjölda aukist (De Cantis o.fl., 2015; Hadwen, Hill og Pickering, 2007; Ross, 2005; Smale, 2011).

Víða hafa sjálfvirkir teljarar verið notaðir til að finna fjölda ferðamanna á áfangastöðum. Umhverfisstofnun Nýja Sjálands (e. Department of Conservation) hefur til dæmis í mörg ár notað sjálfvirka teljara til að telja ferðamenn. Stofnunin hefur þróað skýrar verklagsreglur um

talningarnar til að bæði gögnin og úrvinnslan sé eins vel unnin og framsett og hægt er (Beunen, Jaarsma og Kramer, 2004; Rauhala, Erkkonen og Iisalo, 2002; Ross, 2005).

## 1.1 Talningar í Vatnajökulspjóðgarði

Talningar í þeim tilgangi að vita hversu margir ferðamenn heimsækja áfangastað hófust í Skaftafelli vorið 2009 en þeim stöðum sem talið er á hefur síðan fjölgað verulega (3. mynd) (Rögnvaldur Ólafsson, 2007, 2014; Rögnvaldur Ólafsson, Þorvarður Árnason, Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Gyða Þórhallsdóttir, 2013a). Í Vatnajökulspjóðgarði eru 28 teljarar sem telja bifreiðar og sex fólksteljarar. Í 1. töflu kemur fram hvenær teljararnir voru fyrst settir upp á hverjum áfangastað og að sumir teljarar hafa verið kvarðaðir fyrir hraða og mætingum en aðrir ekki (sjá kafla 2.2).

1. tafla. Teljarar á vegum Vatnajökulspjóðgarðs


Norðursvæði			Vestursvæði		
Ásbyrgi	Ókvarðaður	2010	Eldgjá	Ókvarðaður	2011
Dettifoss austan	Ókvarðaður	2010	Eldgjá *	Ókvarðaður	2011
Dettifoss vestan	Ókvarðaður	2010	Gjósta	Ókvarðaður	2011
Vesturdalur	Ókvarðaður	2011	Kirkjubæjarklaustur	Ókvarðaður	2012
			Kolufell	Ókvarðaður	2011
			Laki	Ókvarðaður	2012
Austursvæði			Langisjór	Ókvarðaður	2011
Snæfell*	Ókvarðaður	2010	Tjarnargígur*	Ókvarðaður	2012
Snæfell	Ókvarðaður	2014			
Suðursvæði			Norðrhálendi		
Fjallsárlón	Ókvarðaður	2014	Arnardalur	Ókvarðaður	2014
Heinaberg	Ókvarðaður	2010	Askja	Ókvarðaður	2011
Hoffell	Ókvarðaður	2010	Grafarlönd	Ókvarðaður	2014
Jökulsárlón	Kvarðaður	2012	Gæsavatnaleið	Ókvarðaður	2011
Jökulstígur*	Ókvarðaður	2010	Herðubreiðarlindir	Ókvarðaður	2012
Lónsöræfi*	Ókvarðaður	2011	Hvannalindir	Ókvarðaður	2012
Skaftafell	Kvarðaður	2009	Hveragil	Ókvarðaður	2014
Svartifoss*	Ókvarðaður	2009	Jökulsá	Ókvarðaður	2012
Svínafellsjökull	Ókvarðaður	2014	Kverkfjöll	Ókvarðaður	2012
			Möðrudalur	Ókvarðaður	2014
			Þríhyrningsvatn	Ókvarðaður	2014

\*Fólksteljarar

Verulegt magn af talningagögnum frá mismunandi stöðum í Vatnajökulspjóðgarði hefur safnast upp, bæði á hálendi og láglandi. Sumir teljararnir eins og í Skaftafelli hafa verið vel

kvarðaðir á ársgrundvelli síðan þeir voru settir upp, en aðra þyrfti að kvarða aftur og betur til að fá vissu um kvörðunarfasta teljarans. Síðan eru teljarar sem ekki hafa verið kvarðaðir og þarfnast kvörðunar.

Til að hægt sé að álykta út frá bifreiðateljum hversu margir koma á áfangastað þarf að þekja meðalfjölda í bifreið (kafla 2.3). Frá Skaftafelli eru til töluverð gögn um meðalfjölda fólks í bifreið, skipt eftir einkabílum og rútum. Þar er því hægt að áætla fjölda gesta með þó nokkurri vissu á ársgrundvelli eftir fjölda farartækja sem koma á staðinn og eru talin. Á öðrum stöðum hefur slík talning ekki verið gerð og það er því nauðsynlegt að gera til að geta áætlað fjölda gesta sem heimsækja staðina.



3. mynd. Bifreiðateljarar á Íslandi sem stýrt er af Rögnavaldi Ólafssyni.

Í þessari skýrslu verða tekin saman þau gögn sem safnað hefur verið frá því að byrjað var að telja á hverjum áfangastað í Vatnajökulspjóðgarði til ársins 2014. Þau gögn sem hafa borist fyrir árið 2015 á áfangastöðunum þegar skýrslan er skrifuð síðla sumars 2015 eru einnig sett fram í skýrslunni. Í viðauka eru:

- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk þjóðgarðsins um uppsetningu teljara sem nýtist við uppsetningu á vorin á þeim teljum sem einungis er haldið út yfir háönnina

- Leiðbeiningar um kvörðun teljara fyrir mætingum og öðrum truflunum
- Leiðbeiningar um talningu á fólki út úr farartækjum til að hægt sé að finna meðalfjölda í bifreið

Markmið skýrslunnar er að sýna fram á dreifingu ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarði. Á sumum áfangastöðum er það hægt með mikilli vissu, en annars staðar með fyrirvara um kvörðun. Slík gögn eru mikilvæg fyrir þjóðgarðinn við skipulag og stýringu staðanna.






## 2 Mat á umferð og fjölda ferðamanna

### 2.1 Uppsetning bifreiðateljara

Bifreiðateljararnir sem notaðir eru skynja farartæki með segulskynjara sem skynjar breytingu á segulsviði jarðar þegar farartæki fara hjá. Því þarf ekki slöngur yfir veg eða víra undir yfirborð vegar eins og á þeim teljurum sem mest hafa verið notaðir hér á landi hingað til. Það nægir að koma teljaranum fyrir í vegkanti og skynjar hann þá farartæki sem eru í allt að 6 m fjarlægð. Teljararnir eru litlir, um 10x15x5cm og eru í vatnsþéttum plastkassa (4. mynd). Þeim er síðan komið fyrir í öðrum vatnsþolnum kassa úr krossviði eða plasti sem festur er við niðurgrafinn staur í vegkantinum og falinn með grjóti eða torfi (5. mynd). Rafhlöður teljaranna endast í hálf til heilt ár.



4. mynd. Teljari.




5. mynd. Bifreiðateljara komið fyrir í vegkanti.

Teljararnir eru stilltir til að skrá á hverjum heilum tíma allar bifreiðar sem hafa farið hjá á síðustu klukkustund. Þeir geyma gögnin og hafa nægilegt minnisrými til að geyma talningu á klukkustundar fresti í heilt ár. Þó er ráðlegt að lesa af þeim á nokkurra mánaða fresti til að tryggja að ekki tapist of mikið af gögnum ef tæknileg vandamál koma upp. Teljararnir telja allar bifreiðar sem fara um veginn í báðar áttir og ekki er hægt að skilja á milli umferðar eftir stefnu. Teljararnir gera ekki mun á stórum og litlum farartækjum, t.d. ekki rútum og einkabílum. Reynt hefur verið að skilja á milli þeirra með því að setja teljara í mismunandi fjarlægð frá vegi þannig að teljari í meiri fjarlægð skynjaði aðeins stóra bíla en sú tilraun tókst ekki.

## 2.2 Kvörðun bifreiðateljara

Teljararnir eru frekar auðveldir í uppsetningu og meðfærilegir að vinna með. Talningarstaðina þarf þó að velja af nokkurri kostgæfni. Æskilegt er að teljararnir séu þar sem ekið er á jöfnum hraða fram hjá þeim og helst þar sem litlar líkur eru á að bílar mætist, en þá gætu tvær bifreiðar talist sem ein. Helstu skekkjuvaldar eru mætingar og að langir hægfara bílar teljist tvisvar. Velja þarf hæfilegan tímafasta fyrir teljarann sem er best gert með því að prófa tvo teljara með mismunandi tímafasta og bera saman við handtalningu. Mismunandi er eftir stöðum hve mikið er um mætingar bíla og aðrar skekkjur. Því er hver staður kvarðaður með því að handtelja í einn dag eða nokkra daga allar bifreiðar sem fara fram hjá teljaranum og bera niðurstöðuna saman við talningu teljarans. Þetta er síðan sett upp í kvörðunargraf þar sem hallatala grafsins segir til um með hvaða fasta þarf að margfalda talningarnar (6. mynd). Í handtalningunni er bifreiðum einnig skipt í einkabíla (9 manna og færri) og rútur og fæst þá hve hátt hlutfall bifreiða eru rútur. Sem dæmi má nefna að 89% bifreiða í Skaftafelli reyndust vera einkabílar og 11% rútur (2. tafla). Þetta hlutfall þarf að finna fyrir hvern og einn áfangastað.




6. mynd. Skaftafell: Dæmi um kvörðun teljara við heimreiðina.

2. tafla. Skaftafell: Hlutfall einkabíla og rúta.

	Fjöldi	Hlutfall
Einkabílar	4.106	89%
Rútur	502	11%
Alls	4.608	100%

Í heimreiðinni að Skaftafelli er einnig teljari frá Vegagerðinni og hafa niðurstöður teljaranna verið bornar saman með góðu samræmi (7. mynd). Í aðkeyrslunni að Hraunfossum er einnig teljari frá Vegagerðinni og hefur sá teljari verið borinn saman við samskonar teljara og í Skaftafelli og fékkst þar einnig gott samræmi (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Gyða Þórhallsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2014).




7. mynd. Samanburður við teljara Vegagerðarinnar.

### 2.3 Meðalfjöldi í bifreið

Til að meta fjölda fólks frá fjölda bifreiða þarf að finna meðalfjölda í einkabílum og rútum með því að telja hversu margir einstaklingar eru í hverri bifreið að meðaltali. Meðalfjöldi fólks sem kom í einkabíl til Skaftafells var fundinn með því að telja fjölda einstaklinga í 952 einkabílum

sem komu þangað á árunum 2009 til 2013. Niðurstöður þeirra talninga var að í einkabílum voru að meðaltali 2,6 ferðamenn (8. mynd).



8. mynd. Skaftafell: Fjöldi í einkabílum.

Það kemur heim og saman við talningar í umferðarkönnunum sem Vegagerðin gerði sumrin 2007 til 2011 í tengslum við stórar framkvæmdir (3. tafla). Fyrirnefndar talningar út úr einkabílum í Skaftafelli og umferðakönnun Vegagerðarinnar gefa til kynna að meðalfjöldi í einkabílum sé nánast sá sami alls staðar á landinu á ferðamannatíma og um helgar á veturna. Um 2% munur er á gildinu 2,6 og meðalfjölda í einkabíl að sumri og um helgar samkvæmt könnun Vegagerðarinnar. Að vetri er munurinn um 23% á virkum dögum (4. tafla) (Vegagerðin, 2008a, 2008b, 2012). Þar sem munurinn er óverulegur yfir háönnina þegar þungi umferðarinnar er mestur og ferðamenn þar í meirihluta er í þessari rannsókn gert ráð fyrir að meðalfjöldi í einkabíl sé 2,6 allan ársins hring.

3. tafla. Meðalfjöldi fólks í bifreiðum samkvæmt umferðarkönnunum Vegagerðarinnar borinn saman við handtalningu í Skaftafelli.

	Umferðarkannanir Vegagerðarinnar								Skaftafell	
	Meðalfjöldi í bifreið				Hlutfall bifreiða				Meðalfjöldi í bifreið	Hlutfall bifreiða
	Sumar		Vetur		Sumar		Vetur			
Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi	Virka daga	Helgi			
Einkabílar	2,64	2,65	2,11	2,55	98%	97%	99%	99%	2,60	88%
Rútur	15,38	18,16	14,62	15,22	2%	3%	1%	1%	13,89	12%
Alls									3,99	100%

4. tafla. Hlutfallslegur munur frá talningum Vegagerðarinnar og gildinu 2,6.

Á ársgrundvelli er gert ráð fyrir að í einkabíl séu að meðaltali:		2,6	
		Sumar	Vetur
Talningar Vegagerðarinnar:	Virkir dagar	2,64	2,11
	Helgar	2,65	2,55
Frávik frá meðalfjölda Vegagerðarinnar í einkabíl 2,6:	Virkir daga	-2%	23%
	Helgar	-2%	2%

Til að geta reiknað út meðalfjölda í bifreið þarf að auki að þekkja hlutfall rúta af öllum bifreiðum og meðalfjölda farþega í rútum. Þetta er hins vegar breytilegt milli staða og árstíma og þarf því að finna hvort tveggja á hverjum áfangastað. Hér á landi er þetta einungis þekkt á fáum áfangastöðum yfir sumartímann. Á enn færri áfangastöðum er meðalfjöldinn þekktur á öllum árstímum. Því þarf að áætla meðalfjölda í bifreið á ársgrundvelli á þeim áfangastöðum þar sem hann hefur ekki verið mældur.

Til að finna hlutfallið á milli einkabíla og rúta þarf að telja rútur og skrá niður tímasetninguna til að bera saman við teljarann. Sú tala er síðan dregin frá heildarfjölda bifreiða (fengið úr bifreiðateljara) til þess að fá fjölda einkabíla. Heildarfjöldi farþega í rútum er fenginn með því að spyrja bílstjóra eða leiðsögumenn um fjölda farþega í hverri rútu. Meðalfjöldi farþega í rútu á hverjum stað er meðaltal þessara talninga. Niðurstöður frá Skaftafelli á árunum 2009 til 2013 eru sýndar í 5. töflu.

5. tafla. Skaftafell: Meðalfjöldi í bifreið.

	Bifreiðar		Fjöldi fólks í bifreið		
	Fjöldi	Hlutfall	Meðaltal	Alls	Hlutfall
Einkabílar	952	88%	2,60	2.477	57%
Rútur	133	12%	13,89	1.847	43%
Alls	1.085	100%	3,99	4.324	100%

Á áfangastöðum í Vatnajökulsþjóðgarði hafa rútur og farþegar í þeim ekki verið taldir á öllum árstímum. Í tengslum við verkefni á vegum Ferðamálastofu um þolmörk ferðamanna á vinsælum áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi (júní 2014 til mars 2015) voru bifreiðar, það er einkabílar og rútur, taldar til að geta sagt til um fjölda ferðamanna á þeim tíma sem þolmörkin voru könnuð. Hér verður gerð ítarleg grein fyrir þessum talningum og gögnin notuð til þess að áætla fjölda ferðamanna á áfangastöðum í Vatnajökulsþjóðgarði, ásamt þeim gögnum sem til eru frá þjóðgarðinum.

Áfangastaðirnir í þolmarkarannsókninni voru: Djúpalónssandur, Geysir, Hakið á Þingvöllum, Hraunfossar í Borgarfirði, Húsadalur í Þórsmörk, Jökulsárlón, Seltún við Krýsuvík og Sólheimajökull. Rannsóknin var gerð í þremur lotum á hverjum stað, dreift yfir árið. Á áfangastöðunum voru rútur taldar á þeim tíma sem spýrlar voru að störfum og einnig voru farþegar í þessum rútum taldir. Þar var því hægt að reikna hlutfall á milli einkabíla og rúta, meðalfjölda í rútu og meðalfjölda í farartæki á mismunandi árstímum. Húsadalur er ekki dæmigerður ferðamannastaður á láglandi því þangað koma margir með rútu frá Hvolsvelli þar sem einkabíllinn bíður á meðan Húsadalur í Þórsmörk er skoðaður. Því var ákveðið að nota ekki Húsadal með í útreikningunum um meðalfjölda í bifreið. Einnig var ákveðið að nota ekki meðalfjölda í bifreið við Geysi því þar er gegnumakstur en ekki aðkomuleið og því erfitt að reikna hversu margar bifreiðar stoppa (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2014).

### 2.3.1 Ferðatímabil

Í daglegu tali hefur ferðamannatímanum verið skipt upp í þrjú tímabil, sumar, jaðar og vetur. Mörkin á hverju tímabili hafa þó ekki verið skilgreind sérstaklega, t.d. hvenær sumarið byrjar né endar og hvenær jaðartímabil tekur við. Af því leiðir að tölur geta verið ósambærilegar. Hér verða þessi tímabil skilgreind og höfð hliðsjón af tímabilum sem hafa verið skilgreind við talningar á bifreiðum á áfangastöðum ferðamanna. Þegar gögn um árstíðasveiflu talninga á bifreiðum eru skoðuð hefur árinu verið skipt í sjö ferðatímabil eftir þunga umferðarinnar. Þessi ferðatímabil eru síðan skilgreind í ISO vikum (6. tafla). Þessi sjö tímabil verða notuð til að skilgreina sumar, jaðar og vetur sem ferðatímabil (7. tafla).


6. tafla. Skýring á ferðatímabilum sem rannsóknin miðar við.

Tímabil	Vikur	Dagsetningar
Síðla vetrar	8-15	Ca. 17. febrúar - 13. apríl
Vetrarlok	16-22	Ca. 14. apríl - 1. júní
Vor	23-27	Ca. 2. júní - 6. júlí
Háönn	28-32	Ca. 7. júlí - 10. ágúst
Haust	33-37	Ca. 11. ágúst - 14. september
Framan af vetri	38-43	Ca. 15. september - 26. október
Hávetur	44-7	Ca. 27. október - 15 febrúar

7. tafla. Samanburður á sameinuðum ferðatímabilum og ferðatímabilum.

Sameinuð ferðatímabil	Ferðatímabil
Sumar	Háönn
Jaðar	Vetrarlok
	Vor
	Haust
	Framan af vetri
Vetur	Síðla vetrar
	Hávetur


Á 9. mynd má sjá hvernig ferðatímabilin hafa verið skilgreind eftir vikum og hvernig normaðir (e. normalised) ferlar af fjölda gesta á tíu áfangastöðum passa við skilgreininguna. Ferlarnir eru normaðir til að samanburðurinn sé skýrari. Það þýðir að vikuna sem flestir eru á áfangastöðunum fær fjöldinn gildið 100. Aðrar vikur eru síðan reiknaðar út frá vikunni sem fékk gildið 100. Þetta er kallað að norma gögnin. Hér fékk 30. vika (ca. 19.-25. júlí) gildið 100 og aðrar vikur voru reiknaðar út frá henni. Á 9. mynd sést að um hásumarið, á háönn, er kúrfan tiltölulega flöt. Um veturinn er kúrfan einnig flöt, það er á hávetri og síðla vetrar. Á 9. mynd sést einnig að sinn hvoru megin við háönnina er annars vegar ris við vetrarlok og vor og fall við haust og framan af vetri. Þessi fjögur tímabil eru skilgreind sem jaðartímabil.



9. mynd. Skilgreind ferðatímabil.

Þegar ferlar sem sýna fjölda sem kemur á áfangastaðina eru skoðaðir sést að þeir falla ekki allir jafn vel að skilgreiningu ferðatímabilanna (9. mynd). Í Ásbyrgi er háönnin styttri. Þangað og að Dettifossi að vestan kemur nær enginn yfir háveturinn og síðla vetrar. Á stöðum mjög nálægt Reykjavík, það er á Hakinu og í Seltúni, er meiri þungi ferðamanna á jaðartímum en á hinum stöðunum, þó ferðatímabilin falli ágætlega að ferlinum (9. mynd).

Markmiðið með því að skilgreina ferðatímabilin er að geta reiknað út meðalfjölda í bifreið yfir allt árið sem má nýta alls staðar á landinu. Til þess þarf að finna hversu þungt hvert ferðatímabil (sumar, jaðar og vetur) vegur í heildarumferð ársins. Til að fá dæmigerðan feril yfir dreifingu umferðar yfir árið var tekið meðaltal af normuðu kúrfunum fyrir þá áfangastaði sem fylgja vel kúrfunni um ferðatímabil (10. mynd), þ.e. frá Skaftafelli, Jökulsárlóni, Heinabergi, Hoffelli, Hraunfossam og Djúpalónssandi. Aðrir staðir voru álitnir útlagar og ekki teknir með í útreikningi á meðaltalsferlinum.



10. mynd. Ferðatímabil í Skaftafelli, við Jökulsárlón, Hoffell, Heinaberg, Hraunfossa og Djúpalónssand borið saman við meðaltal.

Til að finna meðalfjölda í bifreið yfir árið frá meðalfjölda á tímabilunum, sumar, vetur og jaðar, þarf að vigta meðalfjöldann á hverju tímabili með heildarfjöldanum á árinu. Vigtin er fundin með því að reikna fjöldann í hverri viku samkvæmt meðaltalsferlinum og síðan er tekin summa af meðaltali þeirra vikna sem eru skilgreindar sem sumar, jaðar og vetur. Vigtarstuðlar



hvers tímabils eru síðan fundnir sem hlutfallið á milli summu meðaltala tímabilsins og summu alls ársins. Í 8. töflu eru settar fram niðurstöður um vigtarstuðla fyrir hvert tímabil og út frá þeim er meðalfjöldi í bifreið reiknaður fyrir hvert tímabil.

8. tafla. Vigtarstuðlar fyrir útreikninga á meðalfjölda í bifreið.

Sumar	Jaðar	Vetur	Alls
464	940	190	1.594
0,291	0,590	0,119	

Meðalfjöldi í bifreið hefur verið fundinn með talningum fyrir nokkra áfangastaði. Lengst hefur slíkum gögnum verið safnað í Skaftafelli eða frá árinu 2009, en einungis yfir sumartímann. Þau gögn dreifast nokkuð jafnt yfir sumarið. Þá var í tengslum við rannsóknir á þolmörkum á átta áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi gögnum safnað um meðalfjölda í bifreið yfir heilt ár. Ágalli á þeirri gagnasöfnun er að henni var ekki dreift yfir viðkomandi tímabil eins og æskilegt hefði verið, heldur var talið í sjö daga í röð á hverjum áfangastað og talningarnar dreifðust ekki nógu vel á tímabilin. Vegna þess að dreifingin var ójöfn á hverjum stað, það er ekki voru alls staðar til gögn fyrir hvert tímabil, var ákveðið að reikna meðalfjölda á hverju tímabili frá tiltækum gögnum frá öllum áfangastöðunum.

